



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd
Endurskoðunarskýrsla 2021

Efnisyfirlit

| | <i>Bls.</i> |
|---|----------------|
| <i>Endurskoðun ársins</i> | <i>3</i> |
| <i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i> | <i>4 - 5</i> |
| <i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i> | <i>6 - 14</i> |
| <i>Reikningshaldslegt mat</i> | <i>15 - 16</i> |
| <i>Notkun reikningskilaaðferða</i> | <i>17</i> |
| <i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i> | <i>18</i> |
| <i>Önnur mikilvæg atriði</i> | <i>19</i> |

Endurskoðun ársins 2021

Akureyri, 26. apríl 2022

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2021. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.

Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Niels Guðmundsson

Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is

Sími: 430 1806

Gsm: 851 1806

Óttar Ingi Oddsson

Viðskiptafræðingur

Netfang: ottar@enor.is

Sími: 430 1819

Gsm: 851 1819

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útfrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:

- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 18 í skýrslunni.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk í verkefninu voru skilgreind kr. 13,1 millj. eða 2,0% af rekstrartekjum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 526 þús.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikningskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

| | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|--|-----------------------|-----------------|-----------------|-------------------------|-----------------|-----------------|
| | Áætlun | | | Áætlun | | |
| | 2021 | m. viðaukum | 2020 | 2021 | m. viðaukum | 2020 |
| Rekstrartekjur | | | | | | |
| Skatttekjur | 335.476 | 336.940 | 334.065 | 329.761 | 331.225 | 327.636 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 141.349 | 135.427 | 141.484 | 141.349 | 135.427 | 141.484 |
| Aðrar tekjur | 112.208 | 107.756 | 98.268 | 235.588 | 214.858 | 198.410 |
| | <u>589.033</u> | <u>580.123</u> | <u>573.816</u> | <u>706.698</u> | <u>681.510</u> | <u>667.530</u> |
| Rekstrargjöld | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 315.945 | 319.323 | 297.409 | 332.487 | 335.458 | 315.110 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | 46.883 | 18.526 | 26.569 | 46.883 | 18.526 | 26.569 |
| Annar rekstrarkostnaður | 307.945 | 311.024 | 273.615 | 329.500 | 332.620 | 300.763 |
| Afskriftir | 28.532 | 26.640 | 24.240 | 45.436 | 45.219 | 42.352 |
| | <u>699.305</u> | <u>675.513</u> | <u>621.833</u> | <u>754.306</u> | <u>731.823</u> | <u>684.794</u> |
| Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði | (110.272) | (95.390) | (48.017) | (47.609) | (50.313) | (17.264) |
| Fjármagnsliðir | 1.075 | 2.000 | 4.100 | (8.225) | (8.238) | (5.404) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (109.197) | (93.390) | (43.917) | (55.834) | (58.551) | (22.668) |

Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:

| | | | | | | |
|------------------------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| Laun og launatengd gjöld | 54% | 55% | 52% | 47% | 49% | 47% |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | 8% | 3% | 5% | 7% | 3% | 4% |
| Annar rekstrarkostnaður | 52% | 54% | 48% | 47% | 49% | 45% |

Stærðir í rekstri pr. íbúa:

| | | | | | | |
|-------------------------------------|-----|-----|-------|------|------|------|
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 998 | 988 | 1.003 | 986 | 976 | 990 |
| Aðrar tekjur | 235 | 225 | 207 | 493 | 449 | 419 |
| Laun og launatengd gjöld | 661 | 668 | 627 | 696 | 702 | 665 |
| Annar rekstrarkostnaður | 644 | 651 | 577 | 689 | 696 | 635 |
| Fjármagnsliðir | 2 | 4 | 9 | (17) | (17) | (11) |

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 706,7 millj. á árinu 2021 og hækka um 5,9% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 3,7% yfir áætlun ársins 2021 með viðaukum.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 332,5 millj. á árinu 2021 og hækka um kr. 17,4 millj. eða 5,5%. Liðurinn er í heild um 0,9% undir áætlun ársins með viðaukum. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga er um kr. 46,9 millj. sem er um kr. 20,3 millj. yfir áætlun. Á árinu var áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingunni hækkuð úr 53% í 59,1% sem að hefur mikil áhrif til hækkunar á bókfærðu verði skuldbindingarinnar í uppgjörinu.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 329,5 millj. á árinu 2021 og hækkar um kr. 28,7 millj. eða 9,6%. Liðurinn er aðeins undir áætlun ársins eða kr. 3,1 millj. sem er um 0,9% frávik.

Afskriftir

Afskriftir A og B hluta námu kr. 45,4 millj. og hækka aðeins milli ára sem er í takti við áætlun ársins.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 8,2 millj. á árinu 2021 sem er í takti við áætlun ársins.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta og samanburður við áætlun

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 81,7 millj. samanborið við kr. 68,8 millj. tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2021 um kr. 109,2 millj. samanborið við kr. 93,4 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2021 var neikvæð um kr. 55,8 millj. samanborið við kr. 58,6 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 2,7 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 1,3 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins.

Jákvæð frávik frá áætlun eru í skatttekjum vegna hærri framlaga frá jöfnunarsjóði, fræðslu og uppeldismálum vegna hærri endurgreiðslna frá öðrum sveitarfélögum og lægri kostnaðar, umferðar og samgöngumálum vegna snjómoksturs, sameiginlegum kostnaði vegna þjónustutekna skrifstofunnar og aðkeyptrar þjónustu og hafnarsjóði vegna tekna af aflagjöldum.

Helstu neikvæðu frávikin eru hjá félagsþjónustunni vegna málefna fatlaðra, í breytingu lífeyrisskuldbindinga vegna hækkunar á áætlðu hlutfalli sveitarfélagsins í skuldbindingunum, hjá eignasjóði vegna vanáætlaðra afskrifta og kostnaðar tengt nýrri slökkvibifreið og áætlaðra tekna af gámaplani sem var fært út úr bókum sveitarfélagsins.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á rekstrarniðurstöðu málaflokka og samanburð við áætlun ársins 2021 með viðaukum.

Frávik frá áætlun ársins 2021 (í þús kr.)

| | Áætlun | | | |
|---------------------------------------|------------------|-----------------|-----------------|------------|
| | Rauntölur | með viðaukum | Frávik | Frávik % |
| Skatttekjur | 488.620 | 484.162 | 4.458 | 1% |
| Félagsþjónusta | (64.513) | (58.352) | (6.161) | 11% |
| Fræðslu- og uppeldismál | (263.540) | (270.499) | 6.959 | -3% |
| Menningarmál | (18.457) | (20.218) | 1.760 | -9% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | (60.609) | (60.746) | 137 | 0% |
| Brunamál og almannavarnir | (7.038) | (7.456) | 418 | -6% |
| Hreinlætismál | (10.861) | (9.378) | (1.483) | 16% |
| Skipulags- og byggingamál | (3.427) | (2.970) | (457) | 15% |
| Umferðar- og samgöngumál | (10.931) | (15.295) | 4.364 | -29% |
| Umhverfismál | (7.746) | (8.040) | 294 | -4% |
| Atvinnumál | (11.154) | (13.075) | 1.922 | -15% |
| Sameiginlegur kostnaður | (69.155) | (73.648) | 4.493 | -6% |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | (46.883) | (18.526) | (28.357) | 153% |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 7.227 | 6.003 | 1.224 | 20% |
| Aðalsjóður samtals | (78.470) | (68.038) | (10.431) | 15% |
| Eignasjóður | (17.817) | (11.205) | (6.612) | 59% |
| Þjónustumiðstöð | (12.910) | (14.147) | 1.237 | -9% |
| A hluti samtals | (109.197) | (93.390) | (15.807) | 17% |
| Hafnarsjóður | 13.008 | (568) | 13.576 | -2390% |
| Vatnsveita | 9.437 | 8.502 | 935 | 11% |
| Félagslegar íbúðir | 27.840 | 25.694 | 2.146 | 8% |
| Fráveita | 9.155 | 8.269 | 886 | 11% |
| Félagsheimili | (6.077) | (7.058) | 981 | -14% |
| B hluti samtals | 53.363 | 34.839 | 18.524 | 53% |
| A og B hluti samtals | (55.834) | (58.551) | 2.717 | -5% |

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 3,3 millj. eða 1,1% milli árána 2020 og 2021, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 4,8 millj. hækkun í útsvarstekjum milli ára eða um 1,6%. Sveitarfélögin fengu greiddar bráðabirgðagreiðslur á árinu 2020 vegna frestunar á gjalddögum staðgreiðslu og tryggingagjalds en ríkið heimilaði fyrirtækjum að fresta greiðslum á árinu 2020 (mest í mars 2020) yfir á árið 2021 vegna covid. Sveitarfélagið Skagaströnd fékk greiddar kr. 16,5 millj. á árinu 2020 í slíkar bráðabirgðagreiðslur og var tekjufærslu á hluta af þessum greiðslum eða kr. 7,8 millj. frestað yfir á árið 2021 vegna óvissu um innheimtu. Ef horft er til þess að þessar frestuðu tekjur hafi í raun tilheyrt árinu 2020 þá má segja að útsvarstekjur sveitarfélagsins séu ekki að hækka um kr. 3,3 millj. heldur að lækka um kr. 12,6 millj. milli ára. Þetta er áhyggjuefni fyrir sveitarfélagið þar sem að skatttekjur sveitarfélaga hafa almennt verið að hækka milli ára en ef borin eru saman staðgreiðsluuppgjör árána 2020 og 2021 þá er hækkunin yfir heildina 9,5%.

Tekjur vegna fasteignaskatta lækka milli ára um kr. 1,8 millj. eða 5,2%. Heildarálagning fasteignaskatta er þó að hækka milli ára en ástæða þess að tekjurnar lækka í ársreikningi er að sveitarfélagið fékk nokkrar stórar fasteignir frá FISK Seafood ehf. á árinu 2021. Fasteignaskattar vegna eigin fasteigna sveitarfélagsins eru dregnir frá bæði tekjum og gjöldum í ársreikningnum.

Framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga dragast lítillega saman á milli árána 2020 og 2021 en gert hafði verið ráð fyrir enn meiri lækkun í áætlun. Frávikin í framlögum jöfnunarsjóðs eru mest í útgjaldajöfnunarframlaginu sem er nokkuð hærra en gert var ráð fyrir í áætlun.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 13,9 millj. milli ára og eru nokkuð yfir áætlun ársins.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig tekjustofnar A-hlutans greinast samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

| | 2021 | Áætlun með viðaukum | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|--------------------------------|----------------|---------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Útsvar | 301.456 | 303.000 | 298.196 | 284.765 | 255.518 | 245.211 |
| Fasteignaskattur, lóðaleiga .. | 34.020 | 33.940 | 35.869 | 34.056 | 30.833 | 27.772 |
| Framlag úr jöfnunarsjóði | 141.349 | 135.427 | 141.484 | 185.222 | 168.164 | 153.835 |
| Aðrar tekjur | 112.208 | 95.237 | 98.268 | 82.957 | 69.017 | 70.587 |
| | 589.033 | 567.604 | 573.816 | 587.000 | 523.531 | 497.405 |

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 628,6 millj. á árinu 2021 samanborið við kr. 580,0 millj. á árinu 2020. Hækkunin er kr. 48,6 millj. eða 8,4%.


Útgjöld stærsta málaflokksins, fræðslu- og uppeldismála hækka nokkuð eða um kr. 22,6 millj. milli ára og eru bæði laun og annar kostnaður að hækka nokkuð. Á móti þessum aukna kostnaði í fræðslu- og uppeldismálum koma auknar endurgreiðslur frá öðrum sveitarfélögum. Útgjöld félagsþjónustunnar hækka einnig nokkuð eða um kr. 18,6 millj. milli ára sem að skýrist af auknum framlögum vegna málefna fatlaðs fólks.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)

| | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Aðalsjóður: | | | | | |
| Félagsþjónusta | 65.517 | 46.943 | 44.040 | 34.906 | 36.183 |
| Fræðslu- og uppeldismál | 326.075 | 303.469 | 278.086 | 277.947 | 264.358 |
| Menningarmál | 19.757 | 18.874 | 19.270 | 16.957 | 16.123 |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 70.699 | 69.109 | 66.848 | 61.693 | 47.626 |
| Brunamál og almannavarnir | 9.104 | 7.999 | 6.743 | 5.843 | 6.461 |
| Hreinlætismál | 20.935 | 18.893 | 17.376 | 17.759 | 16.929 |
| Skipulags- og byggingarmál | 3.562 | 3.666 | 3.380 | 4.183 | 1.986 |
| Umferðar- og samgöngumál | 10.931 | 13.476 | 12.687 | 10.226 | 9.052 |
| Umhverfismál | 7.746 | 10.638 | 10.179 | 8.746 | 7.827 |
| Atvinnumál | 14.072 | 16.266 | 11.078 | 11.325 | 11.943 |
| Sameiginlegur kostnaður | 80.222 | 70.679 | 93.403 | 75.015 | 58.248 |
| | 628.621 | 580.011 | 563.089 | 524.600 | 476.735 |
| Fjármagnsliðir | (7.227) | (10.510) | (10.320) | (23.652) | (29.106) |
| Breyting lífeyrirsskuldbindinga | 46.883 | 26.569 | 15.548 | 9.573 | 26.262 |
| Aðalsjóður samtals | 668.277 | 596.069 | 568.316 | 510.521 | 473.891 |

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta



Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

| | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|-----------------------|------------------|-------------------------|------------------|
| | 2021 | 2020 | 2021 | 2020 |
| Fastafjármunir | | | | |
| Fasteignir og hafnarmannvirki | 498.421 | 464.786 | 937.028 | 937.740 |
| Veitukerfi | 0 | 0 | 49.134 | 41.612 |
| Gatnakerfi | 144.985 | 158.829 | 144.985 | 158.829 |
| Vélar, áhöld og tæki | 58.423 | 51.732 | 60.276 | 53.839 |
| Eignarhlutir í félögum | 54.091 | 54.091 | 54.091 | 54.091 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 18.021 | 18.804 | 18.021 | 18.804 |
| | 773.941 | 748.242 | 1.263.535 | 1.264.914 |
| Veltufjármunir | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 54.314 | 52.504 | 65.870 | 55.530 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 783 | 783 | 783 | 783 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | 239.013 | 231.975 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 21.213 | 37.356 | 21.531 | 37.713 |
| Handbært fé | 391.623 | 432.959 | 391.796 | 435.368 |
| | 706.946 | 755.577 | 479.980 | 529.394 |
| Eignir samtals | 1.480.887 | 1.503.819 | 1.743.515 | 1.794.307 |
| Lykiltölur | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 3,59 | 4,32 | 5,72 | 7,30 |
| Heildareignir pr. íbúa | 3.079 | 3.166 | 3.625 | 3.777 |

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta lækka um kr. 596 þús. milli ára og nema samtals kr. 1.191,4 millj. í árslok 2021.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 25,4 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 69,0 millj. en afskriftir námu kr. 45,4 millj.

Á árinu voru seldar fimm íbúðir hjá félagsíbúðum en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam í heild kr. 63,3 millj. á árinu.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Túnbraut 1-3 endurbætur kr. 14,9 millj.
- Bjarmanes endurbætur kr. 4,1 millj.
- Bogabraut 7 endurbætur kr. 3,2 millj.
- Dráttarvél og þjónustubíll fyrir þjónustumiðstöð kr. 14,1 millj.
- Hafnarmannvirki kr. 23,1 millj. en á móti kom 13,7 millj. ríkisframlag
- Vatnsveita búnaður kr. 3,1 millj.
- Fasteignir félagsíbúða endurbætur kr. 10,7 millj.
- Fráveitukerfi kr. 5,7 millj.

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð sem að gjaldfærast á 20 – 30 árum.

Aðrar skammtímakröfur

Meðal annarra skammtímakrafna er staða vegna undirbúnings framkvæmda við Sjóbböð á Skagaströnd að fjárhæð kr. 11,6 millj. Stjórnendur telja sveitarfélagið geta fengið þessa fjármuni endurgreidda eða lagt þá inn í verkefnið í formi hlutafjár.

Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 43,6 millj. milli árana 2020 og 2021. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er áfram hátt en það lækkar þó nokkuð milli ára og er 5,7 í árslok 2021.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

| | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|
| | 2021 | 2020 | 2021 | 2020 |
| Eigið fé | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 1.046.875 | 1.130.715 | 1.302.148 | 1.332.625 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 237.154 | 198.347 | 237.154 | 198.347 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 0 | 0 | 120.312 | 190.824 |
| | <u>237.154</u> | <u>198.347</u> | <u>357.466</u> | <u>389.171</u> |
| Skammtímaskuldir | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 47.830 | 22.604 | 47.830 | 22.604 |
| Næsta árs afborganir af langtímask. | 0 | 0 | 6.077 | 8.515 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | 125.426 | 115.748 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 23.603 | 36.404 | 29.995 | 41.392 |
| | <u>196.858</u> | <u>174.756</u> | <u>83.901</u> | <u>72.511</u> |
| Skuldir samtals | <u>434.012</u> | <u>373.103</u> | <u>441.367</u> | <u>461.682</u> |
| Skuldir og eigið fé samtals | <u>1.480.887</u> | <u>1.503.819</u> | <u>1.743.515</u> | <u>1.794.307</u> |
| Lykiltölur | | | | |
| Eiginfjárlutfall | 71% | 75% | 75% | 74% |
| Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm. . | -46% | -67% | -5% | -10% |
| Eigið fé pr. íbúa | 2.176 | 2.380 | 2.707 | 2.806 |
| Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa | 902 | 785 | 918 | 972 |

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta lækkar um kr. 30,5 millj. milli ára. Neikvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 55,8 millj. kemur til lækkunar á eigin fé en á móti er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 25,4 millj.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 38,8 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 7,3 millj. en gjaldfærð hækkan kr. 46,1 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 17 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 73,0 millj. milli ára en þær voru kr. 126,4 millj. í árslok samanborið við kr. 199,3 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra eru mjög hagstæð eða á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir. Sjö skuldabréf voru gerð upp á árinu, tvö vegna eigna sem voru seldar undir lok ársins 2020 og fimm vegna eigna sem voru seldar á árinu 2021. Engin lántaka var gerð á árinu 2021 hjá samstæðunni.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var -5% í árslok 2021 sem skýrist af því að veltufjármunir voru hærri en skuldir samstæðunnar en heimilt er að draga veltufjármuni frá skuldum við útreikning á hlutfallinu.

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 13,0 millj. samanborið við kr. 4,4 millj. í tap árið 2020.

Rekstrartekjur ársins voru kr. 55,7 millj. samanborið við kr. 41,4 millj. árið áður. Tekjur höfðu lækkað nokkuð milli árunna 2018 og 2019 eða um kr. 10,8 millj. og skilaði sú lækkan sér ekki til baka á árinu 2020. Tekjur vegna aflagjalda hækka nú um kr. 12,2 millj. milli ára en þar munar mestu um að stærri bátar hafa nú aftur verið að landa í meira mæli á Skagaströnd sem er mjög jákvæð þróun og mjög mikilvægt fyrir hafnarsjóðinn.

Rekstrargjöld Hafnarsjóðs lækka um kr. 3,1 millj. milli ára eða 6,6%. Lækkunin dreifist á launakostnað og annan rekstrarkostnað, mest vegna aðkeyptrar þjónustu en sá liður hafði hækkað nokkuð milli árunna 2019 og 2020.

Fjárfestingar í Hafnarsjóði á árinu voru kr. 22,4 millj. og á móti þeim komu framlög frá hafnarbótasjóði að fjárhæð kr. 13,7 millj.

Staða hafnarsjóðs er áfram góð, eigið fé stóð í kr. 273,5 millj. og var eiginfjárlutfallið 98,9%, þ.e. aðeins óverulegar skuldir eru á hafnarsjóði. Krafa hafnarsjóðs á aðalsjóð hækkaði um kr. 5,6 millj. milli ára.

Vatnsveita og fráveita

Hagnaður var á rekstri vatnsveitu á árinu að fjárhæð kr. 9,4 millj. Rekstrarkostnaður lækkar milli ára vegna lægri viðhaldskostnaðar.

Hagnaður var á rekstri fráveitu á árinu að fjárhæð kr. 9,2 millj. Framundan eru verulegar framkvæmdir hjá sveitarfélaginu í fráveitumannvirkjum sem mun auka kostnað fráveitunnar á næstu árum amk í formi afskrifta.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður var á rekstri félagslegara íbúða á árinu að fjárhæð kr. 27,8 millj. samanborið við kr. 18,5 millj. hagnað árið 2020. Tekjur ársins námu kr. 47,3 millj. samanborið við kr. 39,9 millj. árið 2020. Söluhagnaður vegna seldra íbúða nam kr. 22,1 millj. á árinu 2021. Kostnaður við rekstur fasteignanna lækkar milli ára þar sem íbúðum hefur fækkað.

Fimm íbúðir voru seldar á árinu og voru 16 íbúðir í rekstri hjá félagslegum íbúðum í árslok 2021. Bókfært verð þessara 16 íbúða var kr. 187,0 millj. í árslok 2021 eða um kr. 11,7 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Fasteignamat íbúðanna var í árslok 2021 kr. 192,6 millj. sem er aðeins yfir bókfærðu verði þeirra.

Áhvílandi lán á íbúðunum námu samtals kr. 126,4 millj. í árslok 2021 sem er að meðaltali um kr. 7,9 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2021.

Félagsheimilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 6,1 millj. samanborið við kr. 7,1 millj. tap árið 2020. Tekjur voru aðeins kr. 1,7 millj. og hækkuðu þær aðeins milli ára. Rekstrargjöld félagsheimilisins fyrir afskriftir lækka úr kr. 2,9 millj. í kr. 2,4 millj.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2021 neikvætt um kr. 85,4 millj. og er uppsöfnuð skuld við sveitarsjóð komin í kr. 170,9 millj. Stjórnendur sveitarfélagsins hafa ekki viljað setja inn framlög til félagsheimilisins frá aðalsjóði til þess að jafna reksturinn sem hefur verið í tapi ár frá ári. Við viljum því leggja það til að félagsheimilið verði lagt niður sem B-hluta fyrirtæki, fasteignin færð inn í eignasjóð og hún rekin þar með innri leigu frá aðalsjóði.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með stjórnendum sveitarfélagsins.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2021 hjá A-hluta nam kr. 8,3 millj. sem var um 13,2% af útistandandi kröfum í árslok, samanborið við kr. 4,9 millj. og 8,5% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 10,6 millj. sem var 13,9% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 6,3 millj. í ársbyrjun og 10,1%.

Sértæk niðurfærsla er færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Hækkun á niðurfærslu krafna milli ára skýrist að mestu leyti af því að óinnheimtar skattekjur eru að hækka nokkuð milli ára.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2021 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

| Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.) | 2021 | 2020 |
|--|----------|---------|
| Viðskiptakröfur | 62.604 | 57.375 |
| Niðurfærsla krafna | (8.290) | (4.871) |
| Viðskiptakröfur nettó | 54.314 | 52.504 |
| Niðurfærsla í % | 13,2% | 8,5% |
| Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.) | 2021 | 2020 |
| Viðskiptakröfur | 76.460 | 61.801 |
| Niðurfærsla krafna | (10.590) | (6.271) |
| Viðskiptakröfur nettó | 65.870 | 55.530 |
| Niðurfærsla í % | 13,9% | 10,1% |

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í félögum var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 54,1 millj. í árslok. Engin breyting er á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og ekki þótti ástæða til þess að hreyfa við niðurfærslu eignarhluta á árinu.

Skoðuð voru uppgjör ársins 2020 fyrir félögin og ef miðað er við hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé þeirra þá er þörf á niðurfærslu vegna Hólaness og Nes listamiðstöðvar sem að niðurfærsla eignarhluta í árslok dekkar að mestu leyti. Aðrir eignarhlutir eru færðir á lægra verði en hlutdeild í eigin fé segir til um.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2021.

Eignarhluti í félögum skal færa á kostnaðarverði í aðalsjóði en eignarhlutir sem flokkast sem eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum skulu færðir upp miðað við hlutdeild í samstæðureikningi. Við gerum ráð fyrir að þetta verði uppfært í ársreikningi 2022 en þá þarf einnig að taka tillit til byggðasamlaga og færa hlutdeild í rekstri þeirra inn í samstæðuna.

| Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.) | Bókfært verð | |
|---------------------------------------|---------------|---------------|
| | 31.12 2021 | 31.12 2020 |
| Ámundakinn ehf..... | 10.250 | 10.250 |
| Hólanes ehf..... | 24.500 | 24.500 |
| Nes Listamiðstöð ehf..... | 9.000 | 9.000 |
| Sjávarlíftækni-setrið BioPol ehf..... | 7.000 | 7.000 |
| Lánasjóður Sveitarfélaga ohf..... | 25.957 | 25.957 |
| Aðrir sjóðir..... | 1.885 | 1.885 |
| Niðurfærsla eignarhluta..... | (24.500) | (24.500) |
| | <u>54.091</u> | <u>54.091</u> |

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendum

Samkvæmt álit frá reikningsskilanefnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendum sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2021 standa eignfærðar lóðir og lendum í kr. 185,4 millj. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Nokkur hækkun var á lóðaleigutekjum milli álagningar 2021 og 2022 og er færð matsbreyting á lóðir og lendum að fjárhæð kr. 25,4 millj. á árinu 2021 sem að endurspeglar þá hækkun. Endurmatsbreyting á lóðum og lendum kemur ekki í rekstur heldur er hún færð yfir eigið fé.

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hluttur sveitarfélagsins er nú áætlaður 59,1% sem er mun hærra hlutfall en reiknað hafði verið með áður en lífeyrisskuldbinding í árslok 2020 var færð miðað við 53,0% hlutfall. Í uppgjörinu núna er lífeyrisskuldbindingin færð upp miðað við uppfærða hlutfallið sem að skilar um kr. 24,5 millj. hækkun á skuldbindingunni.

Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu 2021 nam kr. 46,9 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð kr. 8,1 millj. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 5,6% milli ára og svo voru einnig forsendubreytingar í útreikningunum sem hafa áhrif til lækkunar á skuldbindingunni. Bætt var inn í útreikningana núna forsendum um lækkandi dánartíðni sem byggir á spá félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Skuldbinding vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð var greidd upp á árinu 2018 og færð upp staða undir fyrirframgreiddum kostnaði sem að gjaldfærast á 20 – 30 árum í samræmi við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin sérstök frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilkætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins hafa að okkar mati verið vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er þó að okkar mati að minnast á þetta í endurskoðunarskýrslunni og benda á að aðrar eftirlitsaðgerðir þurfa að koma til móts við þetta, m.a. aðhald sveitarstjóra með starfsmönnum í bókhaldi og eins aðhald sveitarstjórnar með rekstrinum.

Bókhald sveitarfélagsins er almennt í mjög góðu horfi.

| Lykilkættir í eftirlitsumhverfi | Mat á eftirlitsumhverfi |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none">ÁhættumatViðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstillUpplýsingar og samskiptiStjórnendaeftirlitEftirlitsaðgerðir | Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi. |

Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort skráning væri í lagi. Sveitarfélagið hefur tekið upp rafrænt samþykktarferli í fjárhagskerfinu en farið var yfir samþykkt reikninga samhliða úrtaksskoðun á kostnaði. Nokkur frávik komu fram við yfirferð á samþykktarferlinu í ár eins og í fyrra. Passa þarf að uppáskrift sé í samræmi við heimildir en eitthvað var um að bókarari var skráður samþykktaraðili á kostnaði sem sveitarstjóri hefði átt að samþykkja.

Launaferli

Farið var yfir lykilkætti í launaferlinu samhliða úrtaksskoðun á launum. Launamál virðast almennt vera í góðum farvegi, gott skipulag er á launavinnslu og launagögnum. Öll samskipti og gögn vegna launavinnslu sýnileg í launamöppu.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávík eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sveitarfélagsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og sveitarfélagsins sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðanda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.